

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 208/2021**

**frá 9. júlí 2021**

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1643 frá 5. nóvember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabilin fyrir virku efnin kalsíumfosfíð, denatóníumbensóat, haloxýfópp, imídaklópríð, pensýkúrón og zetasýpermetrín <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2087 frá 14. desember 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu mankósebi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32020 R 1643**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1643 frá 5. nóvember 2020 (Stjtið. ESB L 370, 6.11.2020, bls. 18),

– **32020 R 2087**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2087 frá 14. desember 2020 (Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 50).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 370, 6.11.2020, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 50.

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1498):

„13zzzzzzzzzzzh. **32020 R 2087**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2087 frá 14. desember 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu mankósebi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 50).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2020/1643 og (ESB) nr. 2020/2087, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Rolf Einar Fife**

*formaður.*

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.